

ERINDISBRÉF SKIPULAGS- OG UMHVERFISNEFNDAR HVERAGERÐISBÆJAR

I. STJÓRNSKIPULEG STAÐA OG SKIPAN

1. gr. Skipulags- og umhverfisnefnd („nefndin“) starfar í umboði bæjarstjórnar, og fer með þau verkefni sem henni eru falin og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu sem gert er í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar, [dags.]
2. gr. Í nefndinni eiga sæti fimm (5) fulltrúar og fimm (5) til vara sem bæjarstjórn kýs til fjögurra (4) ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar.
3. gr. Allar afgreiðslur nefndarinnar eru tillögur til bæjarstjórnar nema nefndinni hafi sérstaklega verið falið fullnaðarvald til ákvarðanatöku í samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar.

II. HLUTVERK NEFNDARINNAR

4. gr. Nefndin annast öll þau verkefni sem bæjarstjórn felur henni á sviði skipulags- og umhverfismála. Þá skal nefndin fara með þau málefni sem falla undir nefndina samkvæmt lögum, reglugerðum og erindisbréfi þessu. Nefndin fer jafnframt með málefni er snúa að húseignum á vegum bæjarins. Meðal verkefna nefndarinnar eru:
 - að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir á þeim sviðum sem heyra undir nefndina,
 - að leitast við að fylgjast með umræðu um þau málefni sem snerta starfssvið hennar,
 - að veita umsögn um gjaldskrá þeirra málaflokka sem eru á verksviði nefndarinnar,
 - að fjalla um umsóknir og erindi, og gera tillögur um afgreiðslu til bæjarstjórnar; og undirbúa og leggja fram tillögur til bæjarstjórnar að markmiðum og stefnum í málaflokkum nefndarinnar,
 - að gera tillögur til bæjarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsroðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna eða fyrirhugaðra fjárfestinga á því sviði sem undir nefndina heyra,
 - að fara með skipulagsmál skv. skipulagslögum nr. 123/2010:
 - o að vinna tillögur að stefnumörkun í skipulagsmálum, hafa forgöngu um gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim og fjalla um skipulagstillögur,
 - o að annast kynningu og auglýsingu aðal- og deiliskipulagstillagna, og annast grenndarkynningar vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi og vegna byggingarleyfisumsókna í þegar byggðum hverfum þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag,
 - o að fjalla um athugasemdir við auglýstar skipulagstillögur og gera tillögu til bæjarstjórnar um endanlega afgreiðslu skipulagstillagna; og
 - o að veita umsagnir um hvort leyfisskyldar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun og hafa eftirlit með því að framkvæmdaleyfisskildar framkvæmdir séu í samræmi við staðfest aðalskipulag, gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulagsmál, sbr. ákvæði laga nr. 11/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
 - að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og bygginganefndar skv. 7. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki,
 - að fara með málefni umferðar og umferðaröryggis skv. umferðarlögum nr. 77/2019 og gera tillögur að úrbótum og viðhaldi auk þess að fara með málefni umferðarfræðslu skv. sömu lögum.
 - að gera tillögur að skipulagi snjósmoksturs í sveitarfélaginu,
 - að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun, m.a. skv. lögum nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð, lögum nr. 155/2018, um landgræðslu; skógrækt skv. lögum nr.

33/2019, um skóga og skógrækt; sorphirðu og sorpförgun skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003; um loftslagsmál skv. lögum um loftslagsmál nr. 70/2012; búfjárhald skv. lögum nr. 38/2013, um búfjárhald; girðingalögum nr. 135/2001 og lögum nr. 153/2006, um gatnagerðargjald.

- að fara með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd,
- að fara með brunamál skv. lögum nr. 75/2000 um brunavarnir og
- að sinna málefnum á sviði laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

III. STARFSHÆTTIR

5. gr. Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.
6. gr. Í störfum sínum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.
7. gr. Kjörnir fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín og ávallt setja almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum. Fulltrúar skulu taka mið af þeim lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um þau mál sem koma fyrir nefndina svo og samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni í nefndinni.
8. gr. Nefndin kemur saman fyrir luktum dýrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem bæjarstjórn samþykkir. Formaður og starfsmaður nefndarinnar sjá um að boða nefndina til fundar í samráði við bæjarstjóra og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Málgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Fundarboð skal berast fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur (2) sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti. Aukafundi skal halda ef formaður telur þörf á eða ef a.m.k. þrír (3) fulltrúar óska þess.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum nefndarinnar í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu, með og á móti.

Fundarboð og fundargerðir skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi og skal starfsmaður rita fundargerð og bera ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður nefndar strax að fundi loknum til bæjarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta bæjarstjórnarfundi til staðfestingar.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

IV. RÉTTINDI OG SKYLDUR

9. gr. Fjallað er um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa í VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.
10. gr. Kjörnum fulltrúum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli því. Skal fulltrúi boða varafulltrúa sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Nefndin er aðeins starfhæf á fundum og skulu kjörnir fulltrúar einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

Hver kjörinn fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns og starfsmanns nefndarinnar a.m.k. þremur (3) sólarhringum fyrir fund.

11. gr. Kjörinn fulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara ýmist vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Ákvæði þetta gildir einnig um annað fundarfólk á fundum nefndarinnar.

12. gr. Kjörinn fulltrúi skal víkja af fundi og er heimilt að kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar.

13. gr. Um þóknun fyrir setu í nefndinni fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur um starfskjör kjörinna fulltrúa í Hveragerðisbæ.

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar.

V. STARFSFÓLK SVEITARFÉLAGSINS

14. gr. Skipulagsfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar. Hann annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar og ritar fundargerð sbr. 8. gr. Umhverfisfulltrúi og byggingarfulltrúi sitja fundi nefndarinnar og er umhverfisfulltrúi staðgengill starfsmanns nefndarinnar í hans forföllum.

Starfsmaður nefndarinnar, umhverfisfulltrúi og byggingarfulltrúi ásamt bæjarstjóra hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni. Starfsmaður nefndarinnar ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá.

15. gr. Skulu formaður og aðrir nefndarmenn snúa sér til þess starfsmanns er ber ábyrgð á viðkomandi sviði eða verkefni eða bæjarstjóra til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar.

Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

VI. GILDISTAKA

16. gr. Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, og samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar.

Erindisbréf þetta var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 26. september 2023 og á fundi bæjastjórnar Hveragerðisbæjar 16. október 2023 til að öðlast gildi þann sama dag.

Breytingar á erindisbréfinu voru samþykktar á fundi skipulags- og umhverfisnefndar 4. mars 2025 og á fundi bæjarstjórnar 13. mars 2025 til að öðlast gildi þann sama dag.